

## Sveitarstjóri Dalabyggð

---

**From:** Sauðafell <saudafell@simnet.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 26. janúar 2021 12:56  
**To:** 'skulihg'; Þuríður Jóney Sigurðardóttir; Einar Jón Geirsson  
**Cc:** Sveitarstjóri Dalabyggð; Viðar Ólafsson; 'skord371'  
**Subject:** FW: Fellsendarétt

**Categories:** Vistað í OneCRM; 2101020  
**One:** -1

Komiði sæl, sl. Sumar var mér ásamt Guðbrandi Þorkelssyni falið að ýta á við sveitarfélagið að viðgerð á Fellsendarétt komist í umræðu og afgreiðslu fyrir gerð fjárhagsáætlunar sl. Haust og sendum við eitt erindi v. þess sl. Sumar, það eru vonbrigði að þetta tókst ekki en viljum við núna ítreka erindið og óska eftir að fulltrúi sveitarfélag komi á fund með okkur við Fellsendarétt til að fara yfir hvað þarf að g. era og magntaka verkið svo þarf að kostnaðarmeta verkið og ég reikna með að menn vilji velta fyrir sér ýmsum efnum við endurbæturnar þ.e. Steinsteypu, stál eða timbur. Þessi vinna tekur talsverðan tíma og er betra að byrja fyrr en seinna.

Þess má geta að á tímum Gríms Atlasonar sem sveitarstjóra (man ekki ártalið) var gerð skýrsla um fjárréttir í Dalabyggð, þ.e. ástand þeirra og viðhaldsþörf og skv. Þeirri skýrslu var mikil þörf í 4 réttum sem voru í Saurbæ, Haukadál, Hörðudal og Miðdölum, nú er búið að byggja nýja rétt í Saurbæ, laga réttir í Haukadál og Hörðudal talsvert en ekkert verið gert við Fellsenda rétt.

Og fyrir rúmum fjórum árum var haldinn fundur með fjallskilanevnd, fulltrúum sveitarfélags og bændum við Fellsendarétt og rætt um mismunandi úrbætur en síðan hefur lítið gerst

Skv þessu er öllum aðilum málsins ljóst í rúm tíu ár um ástand Fellsendaréttar og óska ég eftir að brugðist verði vel við og stefnt að því að ljúka kostnaðarmati í vetur.

Þeim sem vilja meiri upplýsingar er velkomið að hafa samband við mig

Kær kveðja

Finnbogi á Sauðafelli

-----Original Message-----

From: Berglind Vésteinsdóttir <saudafell@simnet.is>

Sent: fimmtudagur, 6. ágúst 2020 17:24

To: vidar@dalir.is

Cc: skord371 <skord371@simnet.is>

Subject: Fellsendarétt

komdu sæll Viðar, á síðasta fundi fjallskilanevndar var undirrituðum ásamt Guðbrandi Þorkelssyni falið að ýta á sveitarfélagið að kostnaðarmeta endurnýjun á steypuvirki Fellsendaréttar með það að markmiði að kostnaður komist inn á næstu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, við óskum eftir fundi um þetta með fulltrúum sveitarfélagsins fljótlega.

kveðja

Finnbogi Harðarspm